



HÁSKÓLI ÍSLANDS



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLANJÚKRAHÚS

## Fagráð hjúkrunar og tengsl þeirra við stefnuráð hjúkrunar á Landspítala

*„Árangursrík hjúkrun: Eflir heilbrigði, bætir líðan og línar þjáningar“<sup>1</sup>*

*Tillögur starfshóps um áframhaldandi þróun fagráða hjúkrunar, skipuðum af Önnu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala, og Guðrínu Kristjánsdóttur, deildarforseta hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands*

**Starfshópin skipuðu Eydís K. Sveinbjarnardóttir, Helga Jónsdóttir,  
Kristín A. Sophusdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir**

**Maí 2011**

---

<sup>1</sup> Úr Sýn og stefnu hjúkrunar á Landspítala



## Forsaga

Skipulagsbreytingar á Landspítala (LSH) vorið 2009 hafa kallað á grundvallarbreytingar í stjórnun, ábyrgðarsviði og boðleiðum hjúkrunar. Þrennt skiptir þar mestu. Með nýju skipuriti var framkvæmdastjóra hjúkrunar fyrst og fremst falin fagleg ábyrgð hjúkrunar.<sup>1</sup> Í öðru lagi var hjúkrunardeildarstjórum falin aukin fagleg og rekstrarleg ábyrgð.<sup>2</sup> Í þriðja lagi breyttust boðleiðir í samskiptum forstöðumanna fræðasviða við stjórnendur í hjúkrun.

Stefnuráð hjúkrunar var stofnað í kjölfar ofangreindra skipulagsbreytinga, af hjúkrunardeildarstjórum ásamt framkvæmdastjóra hjúkrunar, til að skapa faglegan vettvang fyrir málefni hjúkrunar. Framkvæmdastjóri hjúkrunar stýrir stefnuráðinu. Sautján fulltrúar sátu í stefnuráðinu fyrsta árið en þeir voru auk átta hjúkrunardeildarstjóra forsvarsmenn helstu faglegra og stjórnunarlegra verkefna í hjúkrun á LSH. Á starfsárinu 2009-2010 vann stefnuráðið m.a. að faglegri ábyrgðarlýsingu hjúkrunardeildarstjóra, stefnumótun um áherslur í helstu viðfangsefnum hjúkrunar, stefnu í nýliðun í hjúkrun og fyrstu hugmyndum um eflingu fagráða hjúkrunar.

Tillögur að breyttri samsetningu fulltrúa í stefnuráðinu voru gerðar vorið 2010 af starfshópi skipuðum af framkvæmdastjóra hjúkrunar og deildarforseta hjúkrunarfræðideildar.<sup>3</sup> Tillögur starfshópsins höfðu að leiðarljósi að efla samstarfið á milli hjúkrunar á LSH og hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands (HÍ) með áherslu á að styrkja stefnumótun um rannsóknir í hjúkrun, þróunar- og gæðastarf og ekki síst eflingu sérfræðipækkingar í hjúkrun. Starfsárið 2010-2011 sitja í stefnuráðinu sextán fulltrúar mismunandi fagráða/sérgreina hjúkrunar á LSH en fulltrúi fagráðs/sérgreinar hjúkrunar getur verið hjúkrunardeildarstjóri, sérfræðingur í hjúkrun eða forstöðumaður fræðasviðs/greinar. Í stefnuráðinu sitja einnig fulltrúi vísinda -, mennta- og gæðasviðs (VMG) á Landspítala, formaður hjúkrunarráðs og samkvæmt tillögunum frá vorinu 2010 deildarforseti hjúkrunarfræðideildar.

Fyrirgreindum starfshópi var jafnframt falið að skilgreina hlutverk fagráða, hverjir stýrðu þeim, hverjir ættu sæti í þeim og einnig hvaða sérgreinar í hjúkrun mynduðu fagráð. Starfshópurinn gerði tillögur um að hjúkrunardeildarstjórar sætu í fagráðum hjúkrunar sem var breyting.<sup>3</sup> Í upphafi árs 2010 tók gildi ný ábyrgðarlýsing stjórnenda á LSH þar sem fagleg ábyrgð yfirlækna og hjúkrunardeildarstjóra var skilgreind. Fagleg ábyrgð hjúkrunardeildarstjóra felst m.a. í því að stuðla að auknum gæðum í þjónustunni, að tryggja öryggi sjúklinga, að þróa og viðhalda fagþekkingu og hæfni starfsmanna hjúkrunar, að tryggja öryggi í starfsumhverfi og að hvetja til aukinnar menntunar og vísindastarfa ásamt því að sinna eigin þekkingu og færni í stjórnun.<sup>2</sup>



Sérfræðingar í hjúkrun eru og verða í enn frekara mæli í framtíðinni lykilaðilar í fagráðum hjúkrunar. Þeirra ábyrgð á faglegrri þróun og hlutverk, sem felst m.a. í ráðgjöf, innleiðingu nýrrar þekkingar, rannsóknum, kennslu og starfsþróun, er víðtækt og þarf að undirstrika og útfæra nánar í tengslum við störf í fagráðum.<sup>4</sup>

Nauðsynlegt er í kjölfar framangreindra skipulagsbreytinga að útfæra samskiptaleiðir forstöðumanna fræðasviða, einkum þar sem sviðsstjórar hjúkrunar eru ekki lengur til staðar en þeir voru áður mikilvægir samstarfsaðilar forstöðumannanna. Hlutverk forstöðumanna er að móta stefnu og hafa forystu um þekkingarsköpun á fræðasviðinu, þróa og skipuleggja kennslu í samráði við hjúkrunardeildarstjóra, sérfræðinga í hjúkrun og framkvæmdastjóra og deildarstjóra á VMG ásamt því að taka þátt í að móta uppbyggingu hjúkrunar á þeim klíniska vettvangi sem fræðasviði forstöðumannsins tengist.<sup>5</sup>

Á haustmisseri 2010 kölluðu hjúkrunarfræðingar, sem voru þátttakendur í stefnuráði og fagráðum, eftir nánari útfærslu á starfstengslum og boðleiðum í þessu nýja faglega umhverfi hjúkrunar. Í kjölfarið skipuðu framkvæmdastjóri hjúkrunar og deildarforseti starfshóp til að skilgreina nánar faglegt skipulag hjúkrunar m.t.t. samstarfs og starfstengsla stefnuráðs og fagráða í hjúkrun. Starfshópurinn, sem skilaði vorið 2010 áður nefndum tillögum til framkvæmdastjóra hjúkrunar og deildarforseta, fékk erindisbréf til að vinna að frekari útfærslu.<sup>6</sup> Starfshópurinn hefur haft samráð við fulltrúa í stefnuráði hjúkrunar og forstöðumenn fræðasviða.<sup>7</sup> Í framhaldi þess samráðs voru mótaðar tillögur starfshópsins og þær lagðar fram 19. janúar 2011. Tillögurnar fengu umfjöllun í stefnuráði, hjúkrunarráði og sex fagráðum hjúkrunar. Starfshópurinn endurvann tillögurnar í ljósi fenginnar umfjöllunar og leggur nú fram fullunnar tillögur til framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala og deildarforseta hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.



## Fagráð hjúkrunar

Fagráð eru mynduð utan um sérgreinar hjúkrunar og fagleg málefni ljósmóðurfræða á Landspítala<sup>2</sup>. Þau eru samstarfsvettvangur hjúkrunar á LSH og hjúkrunarfræðideildar HÍ til stefnumótunar og ákvarðanatöku um rannsóknir, kennslu og þróun hjúkrunar með sérstaka áherslu á þróun sérgreina og sérfræðipekkingar í hjúkrun. Fagráð starfa samkvæmt sýn og stefnu LSH<sup>8</sup>, hjúkrunar á LSH<sup>1</sup>, stefnu HÍ<sup>9</sup> og hjúkrunarfræðideildar HÍ<sup>10</sup>. Fagráð taka þátt í stefnumótun á LSH og HÍ í gegnum stefnuráð hjúkrunar og samstarf við framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra sviða.

Nánar um hlutverk fagráða:

- Kemur að stefnumótun í hjúkrun á LSH í gegnum stefnuráð hjúkrunar
- Mótar stefnu um þróun, rannsóknir og nám og hefur frumkvæði að innleiðingu og miðlun nýrrar þekkingar innan sérgreinar hjúkrunar
- Er vettvangur umræðu um rannsóknir, frá tilurð hugmynda til birtingar á rannsóknaniðurstöðum og nýtingar þeirra
- Styður við rannsakendur í hjúkrun og þverfaglegt rannsóknarsamstarf
- Mótar stefnu um þróun sérgreinar í gegnum framhaldsnám, starfsþróun og símenntun í samvinnu við HÍ og skrifstofu VMG á Landspítala (m.a. framhaldsmenntunarráð)
- Styður við og hvetur til frekara náms
- Styður við nemendur í framhaldsnámi í hjúkrunarfræði
- Miðlar með reglubundnum hætti til hjúkrunarfræðinga í klínísku starfi þekkingu sem þróuð hefur verið í sérgreininni, sérstaklega innanlands en einnig alþjóðlega
- Er vettvangur samráðs milli deilda/eininga/sviða þar sem skjólstæðingar njóta hjúkrunar
- Greinir þörf og gerir tillögur um gæðastarf og vinnur að því að skilgreina gæðavísa fyrir sérgreinar hjúkrunar í samvinnu við gæðadeild LSH
- Gerir tillögur til framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra sviðs um stöður sérfræðinga í hjúkrun

<sup>2</sup> Vísað er í ljósmóðurfræði um leið og hjúkrunarfræði og ljósmæður jafnt og hjúkrunarfræðinga þegar það á við.



Verkaskipting í fagráðum felur m.a. í sér skipulagningu, fundar- og greinargerðir. Skipaðir eru vinnuhópar til lengri og skemmri tíma sem halda utan um þau verkefni sem fengist er við hverju sinni.

Fagráð samanstendur af forstöðumanni fræðasviðs eða fræðigreinar, sem er formaður fagráðsins sé hann í samhliða starfi í H.Í. og á LSH, sérfræðingum í hjúkrun, hjúkrunardeildarstjórum sem tilheyra viðkomandi sérgrein og eftir atvikum hjúkrunarfræðingum sem vinna í sérverkefnum. Fagráð ákvarðar inntöku nýrra meðlima byggt á menntun og eðli starfa þeirra. Stefnt er að því að fagráð verði vettvangur fyrir meistaranema í hjúkrunarfræði og starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Komi upp ágreiningur um stefnu eða vinnulag fagráða geta aðilar innan þess skotið þeim ágreiningi til framkvæmdastjóra hjúkrunar og deildarforseta til umræðu og ákvörðunar. Skal tillaga að lausn liggja fyrir eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 2 mánuðum frá því að skriflegt erindi er sett fram.

Skilyrði fyrir myndun nýrra fagráða er að til sé forstöðumaður fræðasviðs eða fræðigreinar í samhliða starfi.<sup>3</sup> Til að fjölga megi fagráðum er nauðsynlegt að skipa forstöðumenn í þeim sérgreinum hjúkrunar þar sem slíkt hefur ekki verið gert. Ef ekki er fyrir hendi forstöðumaður fræðasviðs eða fræðigreinar en hjúkrunarfræðingur með sérfræðileyfi eða að lágmarki meistarapróf í viðkomandi sérgrein í starfi á LSH skal mynda faghóp um sérgreinina sem hjúkrunarfræðingurinn stýrir. Sá hjúkrunarfræðingur þarf að hafa akademískt hæfnismat og a.m.k. starfa sem stundakennari í hjúkrunarfræðideild HÍ. Gert er ráð fyrir að faghópar þróist í fagráð á 5 árum.<sup>4</sup> Starfandi fagráð skulu styðja við starf faghópa og formenn faghópa leita eftir því við það fagráð sem þeir telja hentugt til samstarfs.

Unnið skal markvisst að því að styrkja þróun fagráða og myndun faghópa þar sem slíkt er enn ekki fyrir hendi. Stefnuráð setur fram stefnu þess efnis á árinu 2011 og leitar samstarfs við framkvæmdastjóra hjúkrunar, deildarforseta hjúkrunarfræðideildar og framkvæmdastjóra sviða um að hrinda henni í framkvæmd. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar geri áætlun um að fjölga fagráðum í hjúkrun með tímabundnum leiðum í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra sviða.

<sup>3</sup> Fagráð sem þegar hafa verið stofnuð á Landspítala starfa áfram sem slík.

<sup>4</sup> Til staðar er 21 sérgrein í hjúkrun og 10 þeirra uppfylla skilgreiningu um fagráð. Faghópar starfa í 11 sérgreinum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Fagráð leggja áherslu á að þróa tilgang og markmið starfsins í ljósi þarfa sérgreinarinnar. Þau funda reglulega og vinna markvisst að uppbyggjandi samstarfi allra meðlima og á milli starfseininga sem tilheyra sérgreininni. Fulltrúar í fagráðum/faghópum eru virkir í að leggja fram efni til umræðu og stefnumótunar á fagráðsfundum. Það geta verið ýmis verkefni frá hjúkrunarfræðingum/ljósmeðrum á deildum, frá deildarstjórum, sérfræðingum, og forstöðumönnum. Mælt er til þess að verkefnaáætlun sé sett fram í upphafi starfsárs. Forstöðumaður ber ábyrgð á áætluninni sem unnin er í samvinnu við aðra í fagráði en meðlimir skipta með sér verkum. Myndaðir eru vinnuhópar til að koma stefnu fagráðsins í framkvæmd og vinna að einstökum verkefnum. Gera þarf ráð fyrir svigrúmi og vinnuframlagi fulltrúanna í starfsfyrirkomulagi/starfsáætlunum. Fagleg verkefni í hjúkrun sem ákveðið hefur verið að innleiða á spítalann í heild sinni eru í upphafi unnin undir stjórn stýrihóps á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar (eða annarra framkvæmdastjóra) í náinni samvinnu við fagráðin.

Hjúkrunardeildarstjórar sjá til þess að upplýsa hjúkrunarfræðinga og ljósmeður á deildum um starf fagráða/faghópa. Mikilvægt er að fundargerðir, verkefnaáætlun og ársskýrslur liggja frammi og lifandi umræða sé um störf fagráða á meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmeðra. Það fer eftir atvikum hversu sterk tengsl sérfræðinga í hjúkrun eru við einstakar deildir en hjúkrunardeildarstjóri ber faglega ábyrgð á að skapa þessi tengsl. Þegar taka þarf afstöðu til nýjunga á klínískum vettvangi varðandi rannsóknir, kennslu og þróun í hjúkrun þarf að ræða það í fagráði. Áherslur og verkefni verða að hafa möguleika á að komast á borð fagráðs í gegnum hjúkrunardeildarstjóra, sérfræðinga í hjúkrun og forstöðumenn og það er einnig þeirra að bera stefnumál og áherslur fagráðs/stefnuráðs til hjúkrunarfræðinga/ljósmeðra á deildum.

### Stefnuráð

Stefnuráð er samráðsvettvangur fyrir málefni hjúkrunar. Stefnuráð hefur forystuhlutverk, er stefnumótandi fyrir hjúkrun á Landspítala og tekur með beinum hætti þátt í stefnumótun á LSH og í HÍ. Það starfar samkvæmt sýn og stefnu LSH<sup>8</sup>, hjúkrunar á LSH<sup>1</sup>, stefnu HÍ<sup>9</sup> og hjúkrunarfræðideildar HÍ<sup>10</sup> Stefnuráðið er framkvæmdastjóra hjúkrunar til stuðnings og ráðgjafar í faglegri ákvarðanatöku. Framkvæmdastjóri hjúkrunar er tengiliður þess við framkvæmdastjórn LSH og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar við stjórn heilbrigðisvísindasviðs (HVS) HÍ. Stefnuráðið starfar náið með hjúkrunarráði og



HÁSKÓLI ÍSLANDS



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLANJÚKRAHÚS

framhaldsmenntunarráði LSH. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar sitja jafnframt í stefnunefnd sem mótar stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og LSH, t.d. varðandi ný sameiginleg störf. Ákvarðanir stefnunefndar eru háðar samþykki framkvæmdastjórnar LSH og háskólaráðs HÍ.

Í stefnuráði sitji fulltrúar allra fagraða í hjúkrun og ljósmóðurfræðum. Stefnt er að því að frá og með haustinu 2013 tilnefni fagraðin sjálf fulltrúa í stefnuráðið. Fram að þeim tíma skipar framkvæmdastjóri hjúkrunar í stefnuráðið og eru hjúkrunardeildarstjórar helmingur fulltrúanna. Með fyrirsjáanlegri fjölgun fagraða þarf að endurskoða tilnefningar og samsetningu stefnuráðsins m.t.t. þess að það haldi skilvirkni í vinnubrögðum.

### **Starfstengsl stefnuráðs og fagraðs/faghópa**

Fulltrúar í stefnuráði bera upplýsingar milli þess og fagraða. Stefnuráðið fundar reglulega og fær upplýsingar og umræðu frá fagraðum/faghópum. Þannig er gagnkvæm samvinna og upplýsingagjöf milli stefnuráðs og fagraða/faghópa. Bæði fagrað og stefnuráð eru stefnumótandi um málefni hjúkrunar annars vegar innan sérgreinar og hins vegar innan stofnana. Mælt er til þess að fagrað/faghópur sendi verkefnaáætlun og ársskýrslu til stefnuráðs einu sinni á ári.

Fagrað eiga samstarfsvettvang í stefnuráði. Faghópar eiga samstarf við tiltekið fagrað og hafa starfstengsl við stefnuráð í gegnum fagrað. Hvetja skal til samráðs milli fagraða/hópa að ýmsum málefnum sem vinna þarf þvert á sérgreinar og skal stefnuráð skipulega hvetja slíka samvinnu.

Samstarf framkvæmdastjóra hjúkrunar og fagraða/hópa eru gagnkvæm. Í gegnum fagrað koma fyrirspurnir og ábendingar til stefnuráðsins og gagnkvæmt. Fagrað sendir verkefnaáætlun og ársskýrslu til framkvæmdastjóra hjúkrunar einu sinni á ári (þær sömu og sendar eru stefnuráði). Framkvæmdastjóri hjúkrunar kemur á fund fagraða a.m.k. einu sinni á ári. Skipulag funda stefnuráðs liggur fyrir í upphafi misseris, þ.e. í haust- og vorbyrjun. Skrifstofustjóri framkvæmdastjóra hjúkrunar sér um samskipti vegna fundardagskrár.

### **Starfstengsl fagraða og hjúkrunarfræðideildar HÍ**

Forstöðumenn fræðasviða og fræðigreina tilheyra einstökum fagraðum og fulltrúar þeirra eiga sæti eftir atvikum í stefnuráði. Deildarforseti hjúkrunarfræðideildar á sæti í stefnuráði og eftir atvikum í fagraði og er tengiliður við hjúkrunarfræðideild og forstöðumenn.



### **Starfstengsl fagráða/faghópa við framkvæmdastjóra sviða**

Komið verði á fót reglulegum samráðsfundum hvers fagráðs við framkvæmdastjóra sviðs, helst á tilteknum tíma á hverju misseri. Á þeim fundum kynni fagráð stefnu og verkefni, fái umræðu um þau málefni sem efst eru á baugi og leiti farvegs til úrlausnar á þeim. Lagt er til að fagráð taki með beinum hætti þátt í stefnumótun á sínum sviðum. Mælst er til þess að fagráð sendi verkefnaáætlun og ársskýrslu til framkvæmdastjóra sviðs einu sinni á ári.

### **Starfstengsl/ fagráða/faghópa við hjúkrunarráð LSH**

Fagráð geta leitað stuðnings hjúkrunarráðs og öfugt til að koma faglegum málefnum hjúkrunar áfram, t.d. þegar ekki er um að ræða eðlilega framþróun innan tiltekinna sérgreina hjúkrunar.

### **Niðurlag**

Ljóst er að efling starfs í fagráðum hjúkrunar hefur lítið að segja nema árangur þess skili sér til sjúklingsins og fjölskyldu hans. Því þarf að tryggja að þeir sem vinna í fagráðum/faghópum hafi til þess tíma og svigrúm. Æskilegt er að tryggja virkan stuðning við fagráð, s.s. ritaraaðstoð og vinnuaðstöðu. Samningur HÍ og LSH kveður á um aðstöðu vegna vísindastarfs og stefna þarf að því að þau ákvæði gildi fyrir fagráð í hjúkrun. Fagráð hjúkrunar þurfa að vera skilgreind og sett inn í hann á formlegan hátt við endurskoðun á samstarfssamningi LSH og HÍ.

Vinna starfshópsins varð kveikja vangaveltna og vakti spurningar um þróun hjúkrunar í nýju skipulagi sem þarf að fá svör við á starfsárinu 2011-2012:

- Með hvaða hætti á Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði og vísinda- mennta- og gæðasvið (VMG) að koma að beinu starfi í fagráðum til að styrkja þau?
- Hvernig er hægt að styrkja enn frekar faglega ábyrgð hjúkrunardeildarstjóra? Nauðsynlegt er að gera áætlun um faglega þróun hjúkrunar hliðstætt annarri áætlanagerð. Mikilvægt er að rekstrar- og fjárhagsáætlun hjúkrunardeildarstjórans taki mið af þeirri áætlun á hverjum tíma.





HÁSKÓLI ÍSLANDS



- Fagleg ábyrgð hjúkrunardeildarstjóra, sérfræðinga í hjúkrun, framkvæmdastjóra hjúkrunar og forstöðumanna skarast. Nauðsynlegt er að skilgreina betur þá sameiginlegu faglegu ábyrgð.
- Kortleggja þarf sem fyrst hvar sérfræðileikkingu í hjúkrun vantar og setja stefnu um framtíðarsýn í þróun hennar.
- Hvernig koma doktorsmenntaðir hjúkrunarfræðingar með akademíska nafnbót sem eru í starfi á LSH að starfi fagraða og faghópa til framtíðar? Hver verður fagleg ábyrgð þeirra?
- Samráðsvettvangur hjúkrunar, sem settur er fram hér að framan, krefst þess að í haust og vorbyrjun sé sett fram sameiginlegt viðburðadagatal hjúkrunar. Það auðveldar samstarf allra þessara aðila m.t.t. skipulags funda og samráðs.

Starfshópurinn leggur það til að þessar tillögur verði endurskoðaðar fyrir 1. janúar 2013. Mikilvægt er að sú vinna fari fram á haustmisseri 2012.

Reykjavík, 18. maí 2011.

Virðingarfyllt,

Eydís K. Sveinbjarnardóttir,  
geðhjúkrunarfræðingur, klínískur lektor og  
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra hjúkrunar

Helga Jóhnsdóttir,  
prófessor og forstöðumaður

Kristín A. Sophusdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri

Sigríður Gunnarsdóttir,  
dósent og forstöðumaður



HÁSKÓLI ÍSLANDS



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLANJÚKRAHÚS

### Heimildaskrá

1. Sýn og stefna hjúkrunar, 2008. Stefnukort hjúkrunar, 2009-2011.
2. Ábyrgðarsvið stjórnenda á LSH, 2009. Tók gildi 1. janúar 2010.
3. Tillögur starfshóps á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar LSH og deildarforseta hjúkrunarfræðideildar frá 21. apríl 2010. Samþykktar í stefnuráði hjúkrunar í maí 2010.
4. Starfslýsing sérfræðinga í hjúkrun á LSH, 2004. Hún er til endurskoðunar á árinu 2011.
5. Hlutverk forstöðumanna fræðasviða í samningi við framkvæmdastjóra hjúkrunar LSH samkvæmt samningi á milli LSH og HÍ frá 2006. Endurskoðun samnings þessara aðila er í gangi.
6. Erindisbréf til starfshóps um „*Áframhaldandi þróun fagráða hjúkrunar*“ nóvember 2010.
7. Niðurstöður úr hópavinnu stefnuráðsfulltrúa um „*Áframhaldandi þróun fagráða hjúkrunar*“ í nóvember 2010.
8. Stefna LSH til 2016. Starfsáætlun 2011-2012.
9. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016. Drög fyrir háskólaþing 7. desember 2010.
10. Stefna hjúkrunarfræðideildar HÍ til 2011.

Breytingar við fylgiskjal um „Fagráð hjúkrunar og tengsl þeirra við stefnuráð hjúkrunar á Landspítala“ gerðar í nóvember 2012.

Á síðu 2 og 3 er vísað til vísinda-, mennta- og gæðasviðs (VMG) á Landspítala sem í nóvember 2012 heitir vísinda-, mennta og nýsköpunarsvið (VMN).

Á síðu 5 er fjallað um formennsku í fagráðum og þar kveðið á um að forstöðumaður fræðasviðs gegni formennsku í fagráði. Þar skal í staðinn standa að fagráðið velji sér formann ár hvert.

Á síðu 9 er lagt til að endurskoðun tillagna ljúki í janúar 2013 en nú er lagt til að þeirri endurskoðun ljúki 1. júní 2013.

Reykjavík 29. nóvember 2012

Virðingarfyllt,



Guðrún Kristjánsdóttir  
prófessor og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar HÍ



Sigríður Gunnarsdóttir  
framkvæmdastjóri hjúkrunar Landspítala

Handwritten text, possibly a signature or name, written in cursive script.

Handwritten text, possibly a signature or name, written in cursive script.